

„RÖDD RÖKHYGGJU OG SKYNSEMI Í ÖLLU“: LÝÐRÆÐISLEGT GILDI HÁSKÓLA FRÁ SJÓNARHÓLI HÁSKÓLAKENNARA

Yfirlýsing Magna Charta Universitatum árið 2020 minnir á mikilvægi þess að háskólar standi vörð um lýðræðislegt gildi. Markmið rannsóknarinnar sem greinin fjallar um var að afla vitneskju meðal háskólakennara um birtingarmyndir lýðræðislegs gildis háskóla. Hugtakalíkan var nýtt við greiningu viðtalsgagna til að varpa ljósi á viðfangsefnið. Í máli viðmælenda kom fram að þekkingarsköpun í háskólum leiddi til siðferðilega ábyrgari ákvarðana og stuðlaði að þjóðfélagsumræðu sem styddist við hlutlæg sannindi. Fram kom að mótun lýðræðishæfni og lýðræðismenningar fælist í ræktun gagnrýnnar hugsunar, lýðræðislegra viðhorfa og þátttöku. Framlag háskóla til íslensks lýðræðis var talið felast í sérfræðimenntun, álitsgjöf og borgaralegri þátttöku háskólafélks, sem og hlutlausum samræðuvettvangi. Bent var á háskóla sem vettvang tjáningarfrelsis, tilrauna og málefnalegar umræðu. Lýðræðislegt stjórnskipulag og starfshættir voru taldir verðmætir þættir í starfi háskóla en ýjað að því að jafningastjórnunin væri frekar í orði en á borði. Í niðurstöðunum felast vísbendingar sem nýta má í stefnumörkun og frekari rannsóknum á lýðræðislegu gildi háskóla.

Efnisorð: háskólar, lýðræðislegt gildi háskóla, háskólakennarar, lýðræðisógnir

INNGANGUR

Háskólar hafa margvíslegt gildi fyrir samfélagið og almenn sátt virðist ríkja um það hér á landi að halda úti háskólastarfi fyrir opinbert fé. Spyrja má hvaða skilningur á samfélagslegu gildi háskóla liggi þar að baki. Hagvaxtaráhrifin vega þungt í pólitískri umræðu og hætta er á að aðrir þættir falli í skuggann, með þeim afleiðingum að stefnumörkun innan og utan háskólanna vanræki þá. Meðal slíkra þátta er gildi háskóla fyrir lýðræði.

Bent hefur verið á að án framlags háskóla ætti lýðræðislegt þjóðskipulag erfitt uppdráttar (Sigurður Kristinsson, 2022) og að í starfsemi þeirra felist viðnám gegn einræðisöflum (Habermas, 1987; Jaspers, 1959) sem beina spjótum sínum gjarnan að háskólum, enda standa þeir fyrir allt sem hindrar gerræði: frjálsar rannsóknir og rökræður um

hugmyndir, fjölbreytt lífsviðhorf, einstaklingsþroska og virðingu fyrir staðreyndum (Daniels, 2021).

Vitund um mikilvægi háskóla fyrir lýðræði hafði margvísleg áhrif á þróun þeirra á 19. og 20. öld (sbr. Menand o.fl., 2017). Til dæmis staðhæfði fyrsti rektor Chicago-háskóla að andi lýðræðis væri upphaf og megineinkenni sannra háskóla (Harper, 1905). Ástæða er til að skerpa á þessari vitund nú í ljósi aukinna lýðræðisógna á borð við misbeitingu stjórnvalda á áhrifum sínum í þáttum er snúa að réttarríkinu og kosningum, upplýsingaóreiðu og skautun (Kloubert, 2018; Lührmann o.fl., 2019; Somer og McCoy, 2019; Stanley, 2015). Ógnir við lýðræði kalla á vitundarvakningu um ábyrgð háskóla, eins og sjá má í yfirlýsingu Magna Charta Universitatum frá árinu 2020 sem áréttar mikilvægi þess að háskólar standi vörð um lýðræðislegt gildi eins og menntun sem almannagæði, mannréttindi, umburðarlyndi og jafnræði (Magna Charta Observatory, 2020). Háskólar hafa verið sagðir í sérstakri aðstöðu til að verja lýðræðið gegn skaðlegum áhrifum menningarlegra breytinga á borð við „upplýsingaóreiðu, ófrjálslyndar (e. illiberal) lýðræðishugmyndir og viðskiptavæðingu“ (Vilhjálmur Árnason, 2022, bls. 1–2).

Almenn vitundarvakning dugar þó skammt ef ekki er fyrir hendi skilningur á því hvaða þættir í starfi háskóla hafa lýðræðislegt gildi. Sigurður Kristinsson (2022) hefur sett fram hugtakalíkan yfir röklega mögulegar tegundir slíks gildis og heimfært það á ýmsa þætti háskólastarfs. Með aðstoð líkansins má koma auga á þau svið starfseminnar sem leggja ber áherslu á frá sjónarhóli lýðræðis. Sé líkanið notað sem sjóngler á reynslu fólks af háskólastarfi skapast vitneskja um birtingarmyndir þeirra gilda sem líkanið tilgreinir. Rannsóknin sem fjallað er um í þessari grein miðar að því að auka við slíka vitneskju með því að beina sjónum að reynslu og viðhorfum háskólakennara. Lagt var upp með eftirfarandi rannsóknarspurningu, með vísun til líkansins:

- Hvernig birtist lýðræðislegt gildi háskóla í reynslu og viðhorfum háskólakennara?

Unnið var úr viðtalsgögnum sem aflað var árin 2019–2020 í rannsóknarverkefninu *Háskólar og lýðræði – gagnrýnin greining á borgaralegu hlutverki háskóla*. Þar var sjónum beint að lýðræðislegu hlutverki háskóla með aðferðum heimspekilegrar greiningar (Sigurður Kristinsson 2022, 2023; Vilhjálmur Árnason, 2019, 2020, 2022) en einnig með greiningu skjala (Valgerður S. Bjarnadóttir o.fl., 2019) og viðtölum við háskólakennara. Sá hluti viðtalsrannsóknarinnar sem þegar hefur verið birtur laut að svörum viðmælendanna við spurningum um akademískt frelsi (sjá Guðmund Heiðar Frímannsson o.fl., 2022) og spurningum um hlutverk háskóla þegar horft væri til samfélagslegra áskorana af ýmsu tagi (sjá Valgerði S. Bjarnadóttur o.fl., 2024). Í rannsókninni sem hér um ræðir voru öll viðtalsgögnin nýtt. Hún einskorðaðist við háskólastarf á Íslandi en bent hefur verið á að íslenskir háskólar hafi í meginatriðum þróast með svipuðum hætti og annars staðar í Evrópu (Anna Ólafsdóttir og Jón Torfi Jónasson, 2017). Megintilgangur rannsóknarinnar var að efla skilning á lýðræðislegu gildi háskóla í því skyni að styrkja og standa vörð um þá þætti háskólastarfs sem styðja lýðræðið.

Fræðilegu baksviði rannsóknarinnar verða gerð skil í næsta kafla. Síðan verða aðferðafræðilegir þættir útskýrðir og í framhaldinu gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar. Loks verða meginniðurstöður ræddar og helstu ályktanir settar fram.

FRÆÐILEGT BAKSVIÐ

Hugmyndir um borgaralegt og lýðræðislegt hlutverk háskóla eru vaxandi viðfangsefni fræðilegrar umræðu, ýmist með vísun í áhrif háskóla á borgaralegt samfélag (Bergan o.fl., 2016; Brink, 2018; Goddard, 2009; Goddard o.fl., 2016) eða gildi þeirra fyrir lýðræði sérstaklega (Daniels, 2021; Nussbaum, 2010; White, 2017). Efling lýðræðishlutverksins hefur verið rökstudd með vísun til aukinnar ættarhyggju, skautunar, útlendingaandúðar og rasisma (Sardoc, 2018). Færð hafa verið rök fyrir því að háskólar ættu að sýna betur í verki „andstöðu sína við valdboðshyggju, stuðning sinn við reisu og frelsi, skuldbindingu sína við umburðarlynt samfélag marga kynþátta ... [og] trú sína á að sannleikur og staðreyndir skuli liggja til grundvallar þegar sameiginlegar ákvarðanir eru teknar“ (Daniels, 2021, bls. 249, þýðing höfunda).

Lýðræðislegt gildi háskóla fellur gjarnan í skuggann af þeim skilningi að gildi háskóla-menntunar felist í þekkingu með markaðsvirði fremur en þeim lýðræðislega ávinningi sem hlýst af þjálfun í gagnrýninni hugsun og upplýstri umræðu um sameiginleg málefni (Brown, 2015; Giroux, 2018; Vilhjálmur Árnason, 2022). Markaðshugsunin bitnar á þátttöku háskólafélks í opinberri umræðu og stuðlar að því að háskólar þjóni ríkjandi þjóðfélagsöflum fremur en að vera gagnrýnið lýðræðisafli sem styrkir opinberan vettvang (White, 2017). Að mati Nussbaum (2010) stofnar ofuráhersla á markaðsvirði þekkingar framtíð lýðræðis í hættu.

Í rannsókn Guðmundar Heiðars Frímanssonar o.fl. (2022) kom fram að sumum þætti þátttaka háskólafélks í þjóðfélagsumræðu fela í sér óeðlileg afskipti af stjórnmálum. Á móti hefur verið bent á að hlutleysiskrafa vísinda samrýmist skuldbindingu þeirra við þekkingarleg gildi svo sem nákvæmni, hlutlægni og sannleika, ásamt dygðum á borð við heiðarleika, varkárni og ábyrgð. Háskólafélag getur þurft að vera hlutdrægt fyrir hönd slíkra gilda, sé þeim ógnað af pólitísku eða efnahagslegu valdi (Páll Skúlason, 2014; Vilhjálmur Árnason, 2022). Hugmyndin um háskólaborgara vísar til getu og hæfis til að segja hug sinn andspænis valdhöfum (Beatson o.fl., 2022; Macfarlane, 2005; Muzzatti, 2022; Sørensen, 2015), en hún hefur átt undir högg að sækja samhliða aukinni stjórnunarvæðingu og öðrum áhrifum nýfrjálshyggju (Feldt o.fl., 2024).

Sannleiksleit er megineinkenni háskóla (Barnett, 2011; Collini, 2012; Jón Torfi Jónsson, 2008; Oakeshott, 1989). Arendt (2011) lýsti háskólum sem „vígi sannleikans“ sem framreiddi „ópæggilegan sannleika“ óháð þeim hagsmunum og skoðunum sem takast á í blekkingarleik stjórnmálanna (bls. 160–161). Aðrir telja rökræðulýðræði krefjast þess að í þjóðfélagsumræðunni og stofnunum samfélagsins ríki virðing fyrir sannleikanum, sem aftur kallar á viðeigandi viðhorf og hæfni borgaranna (Chambers, 2021; Habermas, 2005; Williams, 2002). Samkvæmt þessu felst lýðræðislegt gildi háskóla í rættun rökræðuhæfni hjá stúdentum og öðrum háskólaborgurum, sérfræðingum og fagfólki í almannaðjónustu (Vilhjálmur Árnason, 2022).

Samkvæmt Evrópuráðinu (Council of Europe, 2020) er rökræðuhæfni eitt af fjölmörgum lýðræðislegum gildum, viðhorfum, þekkingu og hæfni sem styðja lýðræðismenningu. Í útópískum anda (sjá Rothblatt, 2006) telja sumir slíka þætti dafna í háskólaumhverfi þar sem fólk hefur frelsi til tjáningar og tilrauna og getur mátað sig við ólík gildi og fjölbreytt sjónarmið (Callard, 2017; Zakaria, 2015). Mótun lýðræðislegra viðhorfa frelsis, umburðar-


lyndis og þátttöku, auk rökræðuhæfni, er viðfangsefni fræðilegrar umræðu um borgaramennt í skólum (Callan, 1997; Guðmundur Heiðar Frimannsson, 2018; Veugelers, 2023). Haldi slík mótun áfram í háskólum hefur það lýðræðislegt gildi sem borgaramenntun.

Skiptar skoðanir eru um að hve miklu leyti innra starf háskóla ætti að einkennast af lýðræði (White, 2017). Bent hefur verið á að hugmyndin um jafningjastjórnun í háskólum sé í senn rótgróin og þversagnarkennd (Kligyte og Barrie, 2014).

Almennt ráðast hlutverk og eiginleikar háskóla af hugmyndum fólks, ýmist fyrir milli-göngu formlegs valds laga og stofnana eða athafna hagaðila, þar á meðal háskólakennara (Sigurður Kristinsson, 2023). Hugmyndir háskólakennara geta því varpað ljósi á lýðræðislegt gildi háskóla séu þær kannaðar í gegnum sjóngler hugtaka sem ná yfir slíkt gildi. Þar má líta til hugtakalíkans Sigurðar Kristinssonar (2022) yfir það hvernig háskóli geti haft lýðræðislegt gildi (sjá mynd 1).

Mynd 1

Lýðræðislegt gildi háskóla (Sigurður Kristinsson, 2022)



Líkanið eignar háskólum *ytra lýðræðisgildi* vegna tengsla þeirra við lýðræði. Þegar tengslin felast í afleiðingum háskóla fyrir lýðræði er um að ræða lýðræðislegt *notagildi*, sem getur falist í þekkingarsköpun, mótun lýðræðishæfni og lýðræðismenningar, eða skuldbindingu við sannleikann. En tengslin geta líka falist í því að háskólar séu hluti af þeirri heild sem kölluð er lýðræði og er þá um að ræða lýðræðislegt *framlagsgildi*, sem ýmist getur falist í nauðsynlegu framlagi eða tilfallandi. Einnig gerir líkanið ráð fyrir að háskólar geti haft *táknrænt gildi* fyrir lýðræði. *Innra gildi* háskóla er það gildi sem háskóli hefur í sjálfu sér. Hér getur lýðræði komið við sögu sem annars stigs innra gildi ef háskóli raungerir lýðræði eða ef framlag háskóla er nauðsynlegt svo að samfélagið geti talist lýðræðislegt (Sigurður Kristinsson 2022, 2023, sjá einnig Ziliotti, 2020).

Samandregið er efling lýðræðishlutverksins talin brýn í ljósi ógna sem steðja að lýðræði í heiminum og sem mótvægi við markaðsáherslur. Lýðræðishlutverkið tengist skuldbindingu háskóla við sannleikann og ræktun menningar með áherslu á lýðræðisleg gildi. Í næsta kafla er gerð grein fyrir aðferðafræði rannsóknarinnar.

AÐFERÐ

Rannsókn höfunda var með eigindlegu sniði og byggð á viðtalsgögnum (Helga Jónsdóttir, 2021). Hugtakalíkan Sigurðar Kristinssonar (2022) var nýtt sem sjóngler við greiningu viðtala við háskólakennara í því skyni að varpa ljósi á birtingarmyndir þeirra gilda sem líkanið tilgreinir.

Þátttakendur

Í rannsókninni var unnið úr viðtalsgögnum sem aflað var árin 2019–2020 í rannsóknarverkefninu *Háskólar og lýðræði – gagnrýnin greining á borgaralegu hlutverki háskóla*. Tekin voru viðtöl við 26 háskólakennara í þremur háskólum á Íslandi; Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri og Háskólanum í Reykjavík. Til að fá sambærilegt úrtak úr háskólunum þremur ákváðu rannsakendur að velja þátttakendur úr þeim stjórnsýslueiningum sem höfðu innanborðs sömu eða svipaðar fræðigreinar. Svið félagsvísinda annars vegar og raun- og tæknivísinda hins vegar reyndust falla best að þessum forsendum. Við valið á úrtaki var einnig miðað við að viðmælendur hefðu minnst fimm ára reynslu í akademísku starfi, og að fjöldi þátttakenda af hvoru sviði, sem og kynjahlutfall í úrtakinu, yrði sem jafnast. Byggt á þessum viðmiðum voru þátttakendur síðan valdir tilviljunarkennt.

Framkvæmd og greining gagna

Viðtölin voru tekin í háskólunum þremur, ýmist á skrifstofu viðmælandans eða í fundarherbergi eftir óskum viðmælandans hverju sinni. Notaður var hálfstaðlaður spurningarammi en með því gafst tækifæri til að spyrja nánar út í það sem fram kom og skapa þannig meiri dýpt í svör viðmælanda (Helga Jónsdóttir, 2021). Viðtalsramminn samanstóð af almennum spurningum um lýðræði og háskóla, um 2. grein laga um háskóla sem segir: „Háskóli undirbýr nemendur til ábyrgðar þátttöku í lýðræðissamfélagi“ (lög um breytingu á lögum um háskóla nr. 67/2012), um lýðræði og starfshætti í háskólum, um lýðræði í samhengi við kennslu og rannsóknarstarf, nemendalýðræði og hlutverk háskóla í því að kljást við ógnir samfélagsins á hverjum tíma. Unnið var úr svörum viðmælanda við öllum spurningum viðtalsrammans. Viðtölin voru afrituð, flutt inn í Nvivo-hugbúnaðinn og hann notaður til að kóða gögnin. Rannsakendurnir unnu saman að kóðunarferlinu til að fá endurgjöf og ígrundun með samtali um þær tillögur sem fram komu. Hugtakalíkan Sigurðar Kristinssonar var nýtt á ofansækin hátt (e. top-down) við greininguna (Braun og Clarke, 2021), með því að finna þemu í reynslu og viðhorfum háskólakennara sem varpað gætu ljósi á birtingarmyndir þeirra tegunda lýðræðislegs gildis sem hugtakalíkanið tilgreinir.

Siðferðileg atriði

Allir þátttakendur veittu upplýst samþykki fyrir notkun viðtalsgagnanna. Fullum trúnaði var heitið og þátttakendum frjálst að draga sig út úr rannsókninni hvenær sem var. Tilvitnanir í orð viðmælanda eru hvorki kyngreindar né tilgreint hvaða háskóla viðkomandi tilheyrir. Töldu höfundar það tryggja best að persónurekjanlegar upplýsingar um þátttakendur kæmu ekki fram. Höfundar nota orðið „viðmælendur“ um öll kyn en kjósa að fylgja hefðbundnum málfræðireglum og nota fornöfn í karlkyni þegar vísað er til viðmælanda.

NIÐURSTÖÐUR

Niðurstöður rannsóknarinnar verða kynntar í tveimur meginköflum og fylgja þannig hugtakalíkani Sigurðar Kristinssonar (2022).

Ytra gildi

Ytra gildi getur verið tvenns konar: notagildi og annað ytra gildi, sem aftur skiptist í framlagsgildi og táknrænt gildi (Sigurður Kristinsson, 2022, 2023).

Notagildi

Samkvæmt hugtakalíkaninu skiptist notagildi í þekkingarsköpun, mótun lýðræðishæfni og lýðræðismenningar og skuldbindingu við sannleikann.

Þekkingarsköpun

Í máli viðmælenda mátti greina margvísleg sjónarhorn á sköpun og miðlun þekkingar sem áttu það sammerkt að benda á lýðræðislegt notagildi þessa þáttar í háskólastarfi. Einn viðmælandi ræddi um gagnsemi þess, fyrir hinar margvíslegu ákvarðanir sem stjórnvöld þyrftu að taka, að skapa þekkingu og koma henni á framfæri:

Ég held að lýðræðið virki betur þegar fólk er upplýst og þegar stjórnámálamenn eru upplýstir ... það virki betur ef þekking er sköpuð og henni komið á framfæri.

Annar gaf dæmi um hvernig nýsköpun þekkingar gæti komið að gagni í samfélaginu:

Ég er ánægð/ur þegar einhverjir eru að hrinda af stokkunum einhverjum áætlunum tengdum nýsköpun og ákveða að leita til okkar, ... við erum ekki að selja einhverja ákveðna þjónustu, heldur reynum við svona bara að segja frá því sem við erum að gera.

Fram kom sú skoðun að meginhlutverk vísinda væri í raun að stuðla að hamingju:

... að gera sem allra flesta hamingjusama, eins og ég held að markmið vísinda séu, og ég býst við að til þess að ná því markmiði þurfi að mennta fólk ... bæði svo það fólk verði hamingjusamara sem menntast, og geti skapað eitthvað til að gera ... lífið bærilegra og hamingjusamara fyrir aðra.

Hér er bent á að menntun sé líkleg til að skapa aukna hamingju en líka að sköpun þekkingar með vísindastarfi í háskólum stuðli að meiri velsæld í heiminum.

Annað sjónarhorn var vangaveltur um hvaða hagsmunum þekkingin þjónaði, hvort háskólinn sem uppspretta þekkingar með kennslu og rannsóknum þyrfti á sama tíma og hann væri leiðandi einnig að vera óháður sérhagsmunum:

Hlutverk [háskóla] er kannski að reyna að vera ... leiðandi ... á ... opnari og hlutlausari hátt í kennslu og rannsóknum heldur en til dæmis fyrirtæki eða atvinnulífið getur verið ... mér finnst þetta vandrataður meðalvegur sem háskólinn þarf að passa sig að vera á ... við njótum þess að það sé litið á okkur sem hlutlausan og þar með lýðræðislegan vettvang.

Í svörum viðmælenda við því hvernig þeir sæju fyrir sér þróun háskólans á næstu árum var þeim tíðrætt um að háskólar myndu þurfa að velta fyrir sér hvernig bregðast ætti við

breytingum í tækniumhverfinu. Einn viðmælandi benti í því sambandi á mikilvægi þekkingar á siðferðilegum þáttum og hafði áhyggjur af því að slík þekking lenti á „jaðrinum“ þegar verið væri að „setja meira og meira inn í námið“.

Mótun lýðræðishæfni og lýðræðismenningar

Mjög víða mátti greina í máli viðmælenda áherslu á mikilvægi þess að efla lýðræðishæfni og lýðræðisvitund og var þar gjarnan vísað til menntunarinnar sem háskólar veita, eða eins og einn viðmælandi lýsti því: „Við erum ... að mennta ákveðið hugarfar, lýðræði, jafnrétti og annað slíkt sem á að fylgja með.“ Af sama meiði var áherslan á að rækta með nemendum greinandi og gagnrýna hugsun til að gera þá betur færa til þátttöku í lýðræðis-samfélagi:

Það er kannski þetta að við séum að kenna nemendum að vinsa úr upplýsingum ... meta upplýsingar og meta gæði upplýsinga ... að við [séum] að reyna að þjálfa fólk í því að greina falsfréttir frá öðrum fréttum. Það er eiginlega það sem ég myndi halda að væri, ætti að vera grundvallarhugmyndin ... Ef þú átt að taka ábyrgan þátt í lýðræðissamfélagi eins og maður skilur lýðræði ... að þú byggir í rauninni þínar hugmyndir á einhvers konar upplýstri þekkingu.

Annar benti á að líta mætti á áherslu á að nemendur gætu greint milli þess hvað væri satt og hverju logið sem þátt í mótun siðferðisvitundar:

Hlutverk háskólanna ... er að hluta til að nemendur komi héðan út með einhvers konar siðferðisvitund ... séu færir um að taka ... sínar eigin ákvarðanir ... þeir mega hafa sínar skoðanir ... en þá byggðar á rannsóknum, byggðar á staðreyndum en ekki á einhverju sem að einhver stjórnmálamaður sagði sem við vitum ekkert hvort er satt eða logið.

Í sömu átt beindust orð viðmælenda um mikilvægi þess að nemendur væru þjálfaðir í „sjálfstæðri hugsun, virðingu fyrir sannleikanum og hæfilegri gagnrýni“, og hann tiltók um leið nokkur dæmi um hluti sem „við fiktum ekkert í“, þegar horft væri á staðreyndir og skoðanir:

Hvað er sannleikurinn [er] endalaus gömul spurning en ... það [er] alveg ljóst sko að klukkan eitthvað kemur sólin upp og hún sest á einhverjum tilteknum tíma. Og við fiktum ekkert í því og það er fullt af svona hlutum sem við fiktum ekkert í, ... en allt er þetta spurning um þetta sama, það er gagnrýnin hugsun og virðing fyrir staðreyndum og sannleikanum ... Þessir hlutir sem við erum að þjálfa fólk í eru ... mjög mikilvægir þættir í lýðræðislegu samfélagi.

Þá kom fram það viðhorf að háskólar þyrftu að „hjálpa til“ við að vinna gegn meðvirkni borgaranna með valdinu:

Dæmi [um það að] vera þátttakandi í lýðræðisríki [er] ... að ... einhverjir aðilar [geti ekki] í ljósi valds ... [haft þau áhrif] að allir verði meðvirkir í kringum [þá], ... við þurfum einhvern veginn að hjálpa til og það er marga sem spilar þarna inn í, ekki bara háskólarnir.

Viðmælandi sem beindi athyglinni að þætti háskólans í að efla lýðræðishæfni áréttaði mikilvægi þess að hugsa ekki „bröngt“ þegar verið væri að vinna með nemendum á þessu sviði:

Við erum að kenna þeim gagnrýna hugsun og að kenna þeim líka bara umbótahugsun ... við þurfum ... einhvern veginn að tengja við stóru myndina, heimsmyndina vegna þess að í dag getum [við] í rauninni ekki endilega bara litið á Ísland sem eyland, [það] þarf líka ... að undirbúa fólk ... sem fer héðan út í samfélagið, ekki bara sem þátttakendur í íslensku lýðræðisríki heldur á stærri skala líka.

Margir viðmælendur nefndu í þessu sambandi ýmsa borgaralega hæfni, viðhorf og dygðir sem dæmi um það sem fylgdi lýðræðislegri þátttöku úti í samfélaginu og beindu athyglinni ekki eingöngu að nemendum heldur einnig háskólasamfélaginu í heild. Einn viðmælandi sagði að það væri „alltaf spurning“ upp að hvaða marki háskóli ætti að vera „leiðandi eða beinn þátttakandi í lýðræðislega ferlinu“ en að hann teldi það „fyrst og fremst hlutverk okkar“ að koma á framfæri niðurstöðum í gegnum „okkar rannsóknir og fræði“, en „líka að gefa nemendum okkar nauðsynlegan forða til að fara út og taka þátt í ... almennu, mannlegu, samfélagslegu og þar með lýðræðislegu samfélagi“.

Öðrum varð tíðrætt um fagmennsku, þekkingardygðir og siðferðilegar dygðir eins og heiðarleika og réttssýni sem mikilvægt veganesti, en að slíkt þyrfti að halda áfram að rækta svo lengi sem fólk lifði:

... að halda ekki að þú [sért] búinn með einhverja ákveðna grein, að núna kunnir þú hana heldur frekar það ... hvernig þú bætir við þig, hvernig þú leitar gagna, hvernig þú ert réttssýnn ... [að] vaxa bæði sem persóna og faglega, en líka ... vera svolítið [vandur] að virðingu þinni, vera heiðarlegur, ... láta fólk [njóta] sannmælis, vera réttlátur og heiðarlegur, einhver æðri tilgangur.

Á sömu nótum voru orð eins viðmælanda um mikilvægi þess að gera „nemendur að betra fólki, bæði faglega og sem einstaklinga“. Annar lýsti því svo að í háskóla lærði fólk ákveðin vinnubrögð sem nýttust því í öllu starfi en „líka í þínu eigin lífi ... agaðri vinnubrögð heldur en á mörgum öðrum stöðum, ... svo eykur þetta náttúrulega ... víðsýni ... og gerir þig að betri borgara“.

Umræðu um lýðræðislega hæfni var líka beint að akademískum starfsmönnum:

Ef við horfum á þetta út frá akademíkerum, þá ... reynir meira á lýðræðislega hæfni fólks til þess að komast að málamiðlunum, taka tillit til skoðana annarra, ... en í störfum þar sem alltaf er einhver sem setur hnefann í borðið og segir „nú bara verður þetta svona og er bara útrætt“ ... það [er] mjög mikilvægt að háskólaafólk hafi nægilega félagslega hæfni og skilning.

Hér eru stjórnunarhættir og skoðanaskipti sett undir hatt lýðræðishæfni en jafnframt óbeint vísað til mikilvægis lýðræðismenningar innan háskóla, að hlusta á og virða skoðanir annarra og „komast að málamiðlunum“. Í máli annars viðmælanda kom fram skylt sjónarmið, að frjálst háskólasamfélag með sinni fjölbreyttu hugmyndaflóru styrkti borgaralegt samfélag:

Að því leyti til held ég að háskólinn skipti gríðarlega miklu máli. ... [Það er] náttúrulega hluti af lýðræðinu ... að það sé ákveðin fjölbreytni hugmynda, [það] styrkir þetta borgaralega samfélag sem lýðræðið byggir á ... að það séu einhverjar hugmyndir í gangi ... sem er ekki stýrt.

Bent var á að akademíska frelsið gerði háskóla ef til vill best til þess fallna að fá fólk til að horfa á hlutina frá víðara sjónarhorni: „Við eigum að geta ögrað fólki og hrist það kannski

upp úr hjólförum einhverra skoðana sem það hefur myndað sér einhvers staðar, eins og svo oft gerist með okkur öll.“

Skuldbinding við sannleikann

Í máli viðmælenda kom víða fram hversu mikilvæg skuldbinding háskóla við sannleikann væri fyrir lýðræðið. Var hún gjarnan tengd umræðu um það hvaða hagsmunum þekkingin þjónaði, eða ætti að þjóna. Í því sambandi sagði einn viðmælandinn að hann sæi „ekkert að því að atvinnulífið styrki rannsóknir í háskóla en það þurfa að vera skýrar reglur um það“, að það væri „vandmeðfarið“ þegar fólk væri „kostað af einhverjum aðila“ vegna þess að það „kemur alltaf upp að þessir [fjármögnunaraðilar] vilja hafa sérstaka tengingu við [hann]“. Til útskýringar tók viðmælandinn dæmi:

Eigum við ekki að segja að það sé lýðræðishlutverk háskólans að segja alltaf sannleikann, og liggja ekki á honum. ... Háskóli þar sem allir eru styrktir af einhverjum aðilum sem þeir vilja ekki styggja ... er í vandræðum, af því þá er erfiðara að rækja þetta lýðræðislega hlutverk, að vera gagnrýnin rödd í samfélaginu, segja sannleikann alltaf.

Hér er bent á hættuna sem felst í því að reka sig á styrkjum frá hagsmunaaðilum og í því sambandi nefnt að „þú bítur ekki í höndina sem gefur þér að borða“.

Segja má að flestir viðmælendur hafi áréttað lýðræðislegt gildi þess að háskólar ástundi frjálsa þekkingarsköpun, eða með orðum eins viðmælenda að háskólar ættu „að vera rödd, ... rökhyggjan og skynsemin í öllu, ... kveða niður heimskulegar raddir ... og styðja gáfulegar ... með rökum“.

Ljóst er af framansögðu að fram komu margvíslegar birtingarmyndir lýðræðislegs notagildis háskóla. Ytra gildi getur þó einnig verið í formi framlags háskóla til lýðræðis.

Framlagsgildi

Framlagsgildi felst í því að vera hluti af heild, fremur en að vera leið að markmiði. Framlagsgildi háskóla fyrir íslenskt samfélag kom skýrt fram í máli viðmælenda sem benti á grundvallarástæður þess að hafa háskóla á Íslandi: Háskólar skapi umgjörð þar sem þau sem stunda rannsóknir geti „fundið hvert annað“ ásamt því að veita „bolmagn til að rannsaka hluti sem skipta máli fyrir Ísland“ og „draga erlenda aðila að því borði“. Háskóla-kennslan endurnýi hóp rannsakenda og skapi tengsl við samfélagið, nýsköpun reiði sig á framlag háskóla því „þaðan kemur menntað starfsfólk, þaðan koma hugmyndir og einkaleyfi“. Loks sé það „alveg á hreinu“ að ef „nemendur gætu ekki farið í háskólanám öðruvísi en að fara til útlanda ... [væru þeir] ekkert rosa mikið að koma til baka“.

Lýðræðislegt framlagsgildi háskóla kom skýrt fram í máli viðmælenda sem ræddi hlut háskóla í menntun embættismanna og ýmiss konar sérfræðinga sem lýðræðislegt þjóðskipulag þyrfti á að halda:

Þetta er eiginlega það sem mér finnst vera lýðræðislega hlutverkið ... að mennta og þjálf fólk ... þannig að við höfum starfskraft á ákveðnum sviðum ... sem að byggir ... á nýjustu þekkingu ... og hefur einhverja færni sem er ... kennd í háskólanum. Þá erum við að tala um ... einhverjar svona faggreinar [í] þessari gamaldags merkingu ... prestar, lögfræðingar og læknar og aðrir slíkir.

Annað dæmi um framlag háskóla til lýðræðis, sem allmargir viðmælendur ræddu, var álitsgjöf sérfræðinga:

Við í rauninni viljum ... tjá okkur á opinberum vettvangi og viljum líka að til okkar sé leitað, þegar fólk er með spurningar eða álitæfni og ... ef við erum að vinna okkar hlutverk rétt þá líður fólki eins og við höfum verðmætt innlegg í þau mál.

Í tengslum við álitsgjöf sérfræðinga komu fram ýmsar vangaveltur um hversu mótandi hún skyldi vera fyrir viðhorf almennings og ákvarðanir stjórnvalda:

Það er ekki birt skoðanakönnun um pólitíkina á Íslandi án þess að talað sé við einhvern stjórn-málafræðing sem er þá að leggja fram einhverja túlkun á þessu. Hvert einasta skipti sem að krónan hækkar eða lækkar ... þá er talað við einhvern hagfræðing ... að hve miklu leyti [er] háskólakennari í svona tilvikum ... bara að kommentera á uppkomna stöðu og að hvað miklu leyti á hann beinlínis að skipta sér af? Á hann að vera mótandi?

Annar gekk skrefinu lengra í að viðra áhyggjur af því að álitsgjafar úr háskólum væru of leiðandi með því að tjá skoðanir í stað þess að miðla sérþekkingu:

Þá finnst mér oft þegar ég hlusta á viðkomandi að stór partur af því sé þeirra eigin skoðanir ... mér finnst þetta tjáningarhlutverk ... stundum finnst mér bara verið að misnota það.

Á hinn bóginn komu einnig fram skýr sjónarmið þess efnis að háskólakennurum með aka-demískt frelsi bæri beinlínis að blanda sér í þjóðfélagsumræðuna þegar tilefni skapaðist:

Málfrelsi [háskólafélks] er kannski að einhverju leyti ... tjáningarskylda þar sem það á við ... akademíska frelsið [er] líka ... skuldbinding til akademískrar afskiptasemi ... en auðvitað þarf að túlka það mjög varlega.

Annar viðmælandi gaf í skyn að ef til vill mættu raddir fleiri akademískra starfsmanna heyrast á opinberum vettvangi:

Ég hef nú stundum bara litið í spegil og sagt heyrðu, af hverju ... af því maður þykist hafa skoðun á flestum hlutum ... af hverju lætur maður ekki meira í sér heyra?

Auk þess að ræða álitsgjöf sérfræðinga gerðu viðmælendur borgaralega virkni háskóla-fólks að umtalfni:

Ég held að háskóli hafi margar leiðir til að styðja við lýðræði, við sjáum alveg þess dæmi ... sjáum hvað [X] er að gera, hvernig hann er virkur í [X]-félaginu ... og það eru margir fleiri [virkir] ... þá er fólk að ... gera allavega tilraun til að koma inn á jafningjagrundvelli en tala út frá ákveðinni þekkingu, skapa ákveðið samtal í samfélaginu.

Hér var vísað til háskólafélks sem tekur virkan þátt í borgaralegu samfélagi á jafningja-grunni og leggur þar fram verðmætan skerf með þekkingu sinni. Annar viðmælandi vísaði í svipuðu samhengi til hæfni og viðhorfs háskólafélks til sannleiksleitar:

Háskólinn á ... að halda samfélaginu á ... einhverri skynsamlegri umræðubraut þar sem ekki [eru] fordómar og ... byggt á einhverri ígrundun og staðreyndum ... svona sannreyndar upp-lýsingar.

Viðmælendur ræddu einnig hvernig háskólar gætu bætt þjóðfélagsumræðuna með ákveðnu hlutleysi. Einn taldi að háskólar væru í betri stöðu en fjölmiðlar til að vera hlutlaus vettvangur umræðu um „heit mál“:

Það er töluvert gert af því, bæði hér og í öðrum háskólum, að reyna að vera vettvangur fyrir opna umræðu ... [á þeim] nótum að háskólinn sé þessi hlutlaus aðili sem liggur ekki undir gagnrýni ... við höfum oft ... fengið fyrirlesara um mjög heit mál, og auðvitað finnst mér það líka alveg eins geta verið hlutverk fjölmiðla, en ... [þeir] liggja alltaf undir ámæli um ... að draga taum þessa eða hins ... háskólarnir hér hafa ekki enn sem komið er þurft að búa við þann stimpil.

Annar orðaði skylda hugsun þannig að háskólinn hefði það lýðræðislega hlutverk „að stuðla að opinni umræðu og opna hér sína sali fyrir hvort sem það er fyrirtæki, einstaklingar eða stofnanir og leggja þannig til umræðunnar“.

Viðmælendur bentu einnig á það sem lýðræðislegt framlag háskóla að vera „hlutlaus þekkingarmiðlari“:

Maður gæti horft á þetta þannig að [háskólinn] sé í rauninni að ... bæta ... við lýðræðislega umræðu, það er að segja ... borgaralega umræðu þar sem fólk á í einhverjum skoðanaskiptum, ... vera upplýsingaveita ...að vera í rauninni kannski svona hlutlaus þekkingarmiðlari.

Samandregið gerðu viðmælendur að umtalsefni framlag háskóla til íslensks lýðræðis með því að veita sérfræðimenntun og álitsgjöf, með borgaralegri þátttöku háskólafólks og með því að skapa hlutlausan vettvang samfélagsumræðu.

Táknrænt gildi

Í viðtölunum kom ekki skýrt fram hvernig háskólar og starfshættir þeirra væru tákn um lýðræðisleg gildi. Þó komu fram hugmyndir um háskóla sem fríríki frelsis til tjáningar og tilrauna og einnig um jafningjastjórnun innan háskóla sem gáfu til kynna táknrænt gildi.

Háskóli sem fríríki

Einn viðmælandi komst þannig að orði: „... ideally þá finnst manni náttúrulega að háskólinn eigi að vera ... nánast fríríki, þar sem ... þú leyfir hundrað blómum að spretna og umræðan er frjáls“. Hann taldi sérstaklega mikilvægt að akademían nyti tjáningarfrelsis:

Skólinn getur ekki gert athugasemdir við það að þú hafir einhverjar tiltekna skoðanir eða viðrir þær ... í því felst ... tjáningarfrelsi ... finnst það reyndar eiga að gilda almennt en það gildir náttúrulega líka og sérstaklega um akademíuna. Eða á að gilda sérstaklega um akademíuna.

Annar viðmælandi sagðist vera kominn á þá skoðun, eftir kynni við háskólakennara utan Norður-Evrópu, að:

... við höfum náttúrulega fullkomið akademískt frelsi á Íslandi. ... Hér [erum] við ekki að lenda í því að stjórnmálamenn, til dæmis, séu að hlutast til um ráðningar inni í deildum ... um hvort einhverjar ákveðnar námsgreinar séu kenndar, hvernig þær eru kenndar, hvaða bækur eru notaðar.

Auk tjáningarfrelsis töldu viðmælendur mikilvægt að hafa frelsi til að ákveða viðfangsefni sín og áherslur í starfi, einkum þegar kæmi að rannsóknum. „Þú getur í rauninni gert hvað sem er. Ég held þetta sé svolítil grundvöllur að því sem háskólar eiga að gera, að leyfa fólki að kanna eitthvað sem bara er eitthvað. Þannig verða nýir hlutir til.“

Viðmælendur drógu þannig fram þá mynd af háskólum að þar ríkti frelsi til tjáningar og tilrauna og að þeir væru vettvangur lýðræðislegrar, málefnalegrar og skapandi umræðu.

Jafningjastjórnun

Umræða viðmælenda um stjórnunarhætti í háskólum benti til þess að gildi jafningjastjórnunar væri fremur táknrænt en raunverulegt. Einn viðmælandi orðaði það svo að háskóli væri „náttúrulega mjög fyndin stofnun þegar kemur að þessu“ því að þrátt fyrir mikla valddreifingu væri „valdið bara í höndum sumra“ þannig að það væri „mjög mikil hárarkía í háskólum en efsta lagið er frjálst, það ræður og getur sagt hvað sem er“. Þau sem ekki tilheyrðu efsta laginu væru:

... undir húsbóndavald sett ... svo er náttúrulega kennarinn, hann hefur ansi mikið vald yfir nemendum, ... þetta er ekki þannig að allir séu jafnir ... háskóli er bæði lýðræðisleg stofnun og ekki lýðræðisleg stofnun.

Annar viðmælandi sagði að þrátt fyrir að „háskólar almennt væru frekar lýðræðislegar stofnanir“ væri:

... tilhneiging til að hafa ... pýramídstjórnun þar sem ákvarðanir eru teknar og látnar ganga niður og menn hafa ekkert um það að segja hvað um þá verður eða hvernig málum er háttað. Mér finnst þetta vera að aukast hérna. ... maður heyrir það alveg ... svona pirringur í skól- anum.

Í viðtölunum mátti þannig greina að jafningjastjórnun háskóla væri frekar í orði en á borði og gildi hennar sé þannig umfram allt táknrænt.

Hér hafa komið fram ýmsir þættir í máli viðmælenda sem varpa ljósi á það hvernig háskólar hafa ytra gildi vegna tengsla sinna við lýðræðið, ýmist í krafti afleiðinga sinna, framlags, eða táknrænnar merkingar. Næst er vikið að hugmyndum viðmælenda um það hvernig gildi lýðræðisins geti verið þáttur í innra gildi háskóla.

Innra gildi

Hér er gerð grein fyrir meginþemum sem komu fram í viðtölunum og lúta að innra lýðræðisgildi háskóla.

Háskóli sem birtingarmynd lýðræðis

Í máli viðmælenda mátti greina þá sýn að háskólar væru lýðræðislegar stofnanir og í því efni var gjarnan vísað til innra starfs, stjórnskipulags og stjórnunarháttá. Einn viðmælandi lýsti þessu þannig:

Við [erum] í rauninni mjög frjáls í öllu því sem við erum að gera. Við getum ráðið okkar vinnu- tíma sjálf. Við fáum að kjósa sjálf vinnufélaga í stjórnun innan deildar. Það eru allir jafnir ... á

deildarfundum, hvort sem þú ert prófessor eða bara nýráðinn aðjúnt eða stundakennari ... [og] nemendur líka.

Annar tók svipað dæmi um lýðræðislega starfshætti, þegar hann benti á að „við kjósum fulltrúa í ýmsar nefndir ... [innan] háskólans ... tilfinningin er ... að þessar nefndir eru bara samsettar af starfsmönnum þannig að þeir hafa eitthvað að segja“.

Í máli enn annars kom fram sú skoðun að háskólar væru þeir „sem eru kannski hvað ýktastir að því leytinu að maður stjórnar þessu svolítið mikið sjálfur ... hefur mikið um það að segja hvað maður er að gera og hvernig hlutirnir eru“. Einn viðmælandi lýsti sjálfstæði akademískra starfsmanna þannig að háskólinn mætti „ekki undir neinum kringumstæðum ... skipta sér af því sem kennarar eru að gera nema þeir séu að brjóta lög eða reglur skólans“, og bætti svo við:

Það sem snýr að þessu ... innra starfi ... auðvitað getur þessi lína verið ... ekki alveg skýr, hvernær skólinn er kominn inn á þetta akademíska hlutverk kennarans en ... það er mjög hávær krafa gerð um að ákvarðanir séu teknar upp á við, [að] það komi ekki valdboð að ofan.

Háskólar voru sagðir byggðir upp þannig að þar ríkti jafningjastjórnun:

Háskólinn er náttúrulega rosalega sérstakur vinnustaður hvað stjórnun varðar ... er hugsaður sem svona jafningjastjórnunarfyrirbæri ... og strúktúrarnir eru byggðir þannig upp ... deildirnar hafa mikil áhrif og ... völd ... ég held að svona almennt séð að megi alveg segja að ... uppbygging í háskólanum miðist við að það sé svona flöt stjórnun að verulegu leyti.

Skýrustu lýsinguna á birtingarmynd lýðræðis innan háskóla má ef til vill greina í orðum viðmælanda sem lýsti honum sem smækkaðri útgáfu af samfélaginu:

Háskólinn er ... bara eins konar ... míní-útgáfa af samfélaginu í heild ... Í 90% tilvika segir maður bara já og amen þegar það kemur eitthvað ofan frá ... [en] ef maður á annað borð ... hefur áhuga á því er lítið mál að láta í sér heyra ... Það eru margar leiðir til þess ... maður þarf að bera sig eftir því, það er bara eins og annars staðar í samfélaginu, ef þú situr á rassinum og þegir gerist ekki neitt.

Þó að flestir viðmælendur væru sammála um að innra starfi háskóla væri ætlað að ein-kennast af lýðræðislegri skipan mátti samt greina efsemdir í máli sumra um að það fyrirheit væri fyllilega uppfyllt. Einn varpaði því fram að „öll formgerð og strúktúr hefur kannski þróast í það að vera mjög lýðræðisleg ... þá er það kannski bara umgjörðin ... en ekki í rauninni reyndin“ og annar sagði að þó að fólk gæti komið fram með skoðanir sínar og hlustað væri á ólíkar raddir við ákvarðanatöku þá „útiloka [ég] ekki að það sé meira svona sýndarveruleiki heldur en veruleiki“. Fram kom það sjónarmið að lýðræðið sé „náttúrulega mjög óeffektíft, [og] stundum þvælist nú lýðræðið fyrir“.

Háskóli sem nauðsynlegur hluti lýðræðis

Hugmyndin um að háskóli væri nauðsynlegur hluti lýðræðis var ekki mjög skýr þegar gögnin voru skoðuð. Þó má segja að orð eins viðmælanda um háskólafolk sem „bakverði“ lýðræðis kjarni þá hugmynd:

[Háskólaumhverfið] nýtur trausts sem einhver svona álitsgjafi ... [við verðum] ... að gera skörp skil á milli þess hvenær [við] erum háskóli og hvenær við [erum] komin í pólitísk afskipti ... að við séum ekki feimin við ... að stökkva inn þar sem að við teljum ástæðu til, en líka að við séum ekki feimin við að halda okkur til hlés þar sem að það á við. ... Það er ... auðvitað kannski stóra málið, ekki síst núna í ... falsfréttuumhverfinu og svona, upphrópunum á samfélagsmiðlum, Trumpisma og öllu því, að við séum svona bakverðir ... að við hikum ekki við að stíga inn í ... þegar okkur ofbýður dellan.

Hér hefur verið gerð grein fyrir hugmyndum viðmælenda um það hvernig háskólar hafi innra gildi sem birtingarmynd og nauðsynlegur hluti lýðræðis. Í hugmyndum þeirra endurspegladist sú sýn, í bland við ákveðna fyrirvara, að stjórnskipulag og starfshættir í háskólum væru birtingarmynd lýðræðis. Hugmyndina um háskóla sem nauðsynlegan hluta lýðræðis mátti greina í orðum eins viðmælenda um háskólafolk sem „bakverði“ lýðræðis. Að öðru leyti vörpuðu gögnin aðeins að takmörkuðu leyti ljósi á þann þátt.

UMRÆÐA

Í rannsókninni leituðu höfundar svara við eftirfarandi spurningu: Hvernig birtist lýðræðislegt gildi háskóla í reynslu og viðhorfum háskólakennara? Hugtakalíkan Sigurðar Kristinsonar (2022) var notað til að draga fram þau ummæli úr viðtölum við háskólakennara sem varpað gætu ljósi á hinar ýmsu birtingarmyndir lýðræðislegs gildis háskóla.

Samkvæmt hugtakalíkaninu skiptist ytra gildi í notagildi og annað ytra gildi, sem aftur skiptist í framlagsgildi og táknrænt gildi. Notagildið lýtur að þekkingarsköpun, mótun lýðræðishæfni og lýðræðismenningar og skuldbindingu við sannleikann.

Viðmælendur nefndu ýmis dæmi um þekkingarsköpun í háskólum sem hefði lýðræðislegt notagildi. Ábending þeirra um mikilvægi hennar fyrir gæði ákvarðana innan stjórn mála, atvinnulífs og verkálýðshreyfinga endurspeglar umfjöllun Daniels (2021) um að traust þekking skuli ráða för þegar stjórnvöld í lýðræðisríki taka vandasamar ákvarðanir. Hjá viðmælendum kom einnig fram að háskólamenntun og nýsköpun þekkingar stuðluðu að samfélagslegri velsæld, en lýðræðisþjóðfélag með öflugum borgaralegu samfélagi er leiðarstef í fræðilegri umræðu um „borgaralega háskólann“ (e. civic university), sem kannar hvernig háskólar gætu í auknum mæli haft velsældaráhrif í nærsamfélagi sínu (Bergan o.fl., 2016; Goddard o.fl., 2016). Viðmælendur undirstrikuðu að þekkingarsköpunin þyrfti að vera óháð sérhagsmunum, meðal annars til að siðferðileg þekking þróaðist á tímum örra tæknibreytinga. Þarna fær áhersla White (2017) og Vilhjálms Árnasonar (2022) á háskóla sem gagnrýnið og sjálfstætt lýðræðisafli hljómgrunn.

Margvísleg dæmi um mótun lýðræðishæfni og lýðræðismenningar komu fram í máli viðmælenda. Nám háskólanema og starf innan akademíunnar var algengt stef en einnig var horft til þeirrar hæfni og viðhorfa sem hlutverk borgara í lýðræðislegu samfélagi kallaði á. Dæmi viðmælenda snertu hæfnipætti lýðræðismenningar (Council of Europe, 2020) á borð við gagnrýna hugsun og þá siðferðiskennd sem henni fylgir, heilindi, réttlæti og virðingu fyrir sannleikanum. Allt eru þetta áberandi stef í skrifum fræðafólks um lýðræðislegt gildi háskóla (Chambers, 2021; Daniels, 2021; Nussbaum, 2010; White, 2017; Williams, 2002).

Framlagsgildi háskóla birtist með ýmsum hætti í máli viðmælenda. Orð þeirra um mikilvægi þess að skapa umgjörð um rannsóknir, veita háskólamenntun innanlands og koma í veg fyrir atgervisflóttu minna á hugmyndina um „borgaralega háskólann“ sem er virkur hluti af því samfélagi sem hann tilheyrir (Goddard o.fl., 2016). Viðmælendur nefndu einnig menntun embættismanna og sérfræðinga, en það framlag er gjarnan kennt við napóleonsku hefðina sem lítur á háskóla sem fagskóla í þágu ríkisins (Jón Torfi Jónasson, 2008; Páll Skúlason, 2014). Það framlag sem mest bar á í gögnunum var þó að háskólar veittu sérfræðiálit, tækju þátt í samfélagsumræðu og sköpuðu henni vettvang í krafti hlutlægni og þekkingar. Áhersla viðmælenda á sannleiksleit, hlutleysi og að háskólafolk komi fram sem rödd skynsemi og rökhyggju í upplýsingaóreiðu samtímans minnr á lýsingu Arendt (2011) á háskólum sem „vígi sannleikans“, en bendir þó einnig til þess að háskólar séu hluti af gangverki rökræðulýðræðis (Chambers, 2021). Orð eins viðmælenda um að háskólafolk hefði „tjáningarskyldu“ á fræðasviði sínu, nokkurs konar „skuldbindingu til akademískrar afskiptasemi“ vísa þannig til hugmyndarinnar um hlutdrægni háskólaborgara fyrir hönd þekkingarlegra gilda (Beatson o.fl., 2022; Páll Skúlason, 2014; Vilhjálmur Árnason, 2022). Í þessum vangaveltum viðmælenda birtist einnig glíma háskólakennara við að meta hvað séu persónulegar skoðanir og hvað álit byggt á sérþekkingu; hvenær þeim beri að halda sig til hlés til að gæta hlutlæysis og hvenær að stíga fram sem sérfræðingar með borgaralega ábyrgð (Guðmundur Heiðar Frímannsson o.fl., 2022).

Táknrænt lýðræðisgildi háskóla kom ekki skýrt fram í ummælum viðmælenda en þó var tvennt sem draga mátti í þennan dilk. Fyrra atriðið var að háskólinn ætti að vera fríríki með frelsi til tjáningar og tilrauna auk akademíks frelsis. Þessa hugmynd má bera saman við kenningu Rothblatt (2006) um háskóla sem útópíu þar sem háleit gildi geta orðið að veruleika utan hins almenna samfélags. Séu gildin lýðræðisleg getur tilvist útópíunnar haft táknrænt lýðræðisgildi. Síðara atriðið laut að jafningjastjórnun. Í orðum viðmælenda mátti skynja togstreitu á milli væntinga um lýðræði og veruleika valdboðs. Að því leyti sem stjórnunarvæðing háskóla í anda nýfrjálsbyggju gefur tali um jafningjastjórnun holan hljóð (sjá t.d. Macfarlane, 2005; Muzzatti, 2022; Sørensen, 2015) hefur slíkt tal e.t.v. táknrænt gildi fremur en að vera lýsandi.

Samkvæmt hugtakalíkaninu er mögulegt að háskólar hafi innra gildi sem birtingarmynd eða nauðsynlegur hluti lýðræðis. Niðurstöður rannsóknarinnar draga fram þá sýn að lýðræðislegt stjórnskipulag og starfshættir séu birtingarmynd lýðræðis í starfi háskóla sem komi meðal annars fram í sjálfræði í starfi og möguleikum til áhrifa (Kligyte og Barrie, 2014). Í máli viðmælenda má þannig greina að jafningjastjórnun og lýðræðislegir stjórnunarhættir séu þrátt fyrir allt meira en orðin tóm.

Í gögnunum voru ekki jafnskýr merki um þá hugmynd að háskóli væri nauðsynlegur hluti lýðræðis. Hér standa þó upp úr orð eins viðmælenda um háskólafolk sem „bakverði“ lýðræðis. Þau gefa til kynna að án háskóla yrði lýðræði óstöðugt og því sé framlag þeirra nauðsynlegt (sbr. mynd 1). Orðalagið „bakverðir lýðræðis“ minnr á að háskólar hafi það hlutverk að veita alræðisöflum viðnám sem „vitræn samviska“ síns tíma (Habermas, 1987; Jaspers, 1959). Full ástæða er til að undirstrika þennan þátt í lýðræðislegu gildi háskóla í ljósi þeirra ógna sem steðja að lýðræði nú um stundir.

ÁLYKTANIR OG LOKAORÐ

Í þessari grein hefur verið bent á að á tímum vaxandi ógna við lýðræði skipti skilningur á lýðræðislegu gildi háskóla æ meira máli. Greining rannsakenda á viðtalsgögnunum út frá hugtakalíkani Sigurðar Kristinssonar leiddi í ljós fjölmörg stef sem varpa ljósi á birtingarmyndir lýðræðislegs gildis í háskólastarfi. Það kom höfundum ánægjulega á óvart hversu skýrar þær voru. Þar má nefna mikilvægi þess að háskólar séu óháðir hagsmunaöflum í þekkingarsköpun sinni og leiti þekkingar og skilnings af heilindum. Enn fremur að framlag háskóla til lýðræðis felist meðal annars í því að háskólafolk tjái sig opinberlega á grundvelli sérþekkingar sinnar og stuðli þannig að málefnalegri umræðu sem mótvægi upplýsinga-óreiðu og skautunar. Mótun lýðræðishæfni og lýðræðismenningar var þó sá þáttur sem viðtölin vörpuðu hvað skýrustu ljósi á, ekki síst með margvíslegum ummælum um mikilvægi sannleiksleitar, gagnrýnnar hugsunar og fjölbreyttra skoðana. Það er mat rannsakenda að þær margvíslegu birtingarmyndir lýðræðislegs gildis háskóla sem fram komu í máli viðmælenda gefi gagnlegar vísbendingar um þá þætti háskólastarfs sem styðja lýðræðið og mikilvægi þess að standa vörð um þá.

Að því sögðu er rétt að fram komi að viðmælendur í rannsókninni voru einungis af tveimur fræðasviðum, þ.e. félagsvísindum og raun- og tæknivísindum. Þannig voru til dæmis engir viðmælendur á sviði hugvísinda í úrtakinu. Á móti kemur að á þeim fræðasviðum sem úrtakið tók til eru fjölbreyttar og ólíkar greinar sem sköpuðu að mati rannsakenda nægilega breidd til að hægt væri að draga þær ályktanir af niðurstöðunum sem hér hafa verið kynntar.

Að mati höfunda leggja niðurstöður rannsóknarinnar fram mikilvægan skerf til stefnu-mörkunar háskóla með því að lyfta þáttum sem verða undir þegar megináhersla er lögð á hagvaxtaráhrifin. Ætla má að nýta megi niðurstöðurnar meðal annars til að gera háskóla á Íslandi betur í stakk búna til að rækja það hlutverk sem þeim er ætlað í lögum um háskóla, það er að undirbúa nemendur til ábyrgrar þátttöku í lýðræðissamfélagi. Þó að rannsókn höfunda hafi beinst að háskólastarfi á Íslandi má færa rök fyrir því að niðurstöður hennar hafi líka gildi í alþjóðlegu tilliti þar sem íslenskir háskólar hafa þróast með svipuðum hætti og háskólar í Evrópu.

Viðtalsgögnin vörpuðu takmörkuðu ljósi á táknrænt og innra lýðræðisgildi háskóla. Mögulega myndu viðtöl við aðila utan háskólastofnananna varpa frekara ljósi á háskóla sem lýðræðistákn. Einnig mætti kanna hug mismunandi hópa innan háskóla til þess hvernig lýðræði komi eða ætti að koma fram í innra starfi háskóla. Höfundar sjá tækifæri til að svara slíkum spurningum með frekari gagnaöflun.

Þakkir

Rannsóknin *Háskólar og lýðræði – gagnrýnin greining á borgaralegu hlutverki háskóla* var styrkt af Rannsóknasjóði Íslands, Rannís, styrknúmer 184684-051.

HEIMILDIR

- Anna Ólafsdóttir og Jón Torfi Jónasson. (2017). Quality assurance in a small HE system: Is the Icelandic system in some ways special? Í S. Georgios, K. M. Joshi og S. Paivandi (ritstjórar), *Quality assurance in higher education: A global perspective* (bls. 203–226). Studera Press.
- Arendt, H. (2011). Sannleikur og stjórnmál. Í Sigríður Þorgeirsdóttir (ritstjóri), *Af ást til heimsins* (bls. 121–164). Heimspekistofnun; Háskólaútgáfan.
- Barnett, R. (2011). *Being a university*. Routledge.
- Beatson, N. J., Tharapos, M., O'Connell, B. T., De Lange, P., Carr, S. og Copeland, S. (2022). The gradual retreat from academic citizenship. *Higher Education Quarterly*, 76(4), 715–725. <https://doi.org/10.1111/hequ.12341>
- Bergan, S., Gallagher, T. og Harkavy, I. (2016). *Higher education for democratic innovation: Council of Europe higher education series no. 21*. Council of Europe.
- Braun, V. og Clarke, V. (2021). *Thematic analysis: A practical guide*. Sage.
- Brink, C. (2018). *The soul of the university: Why excellence is not enough*. Bristol University Press.
- Brown, W. (2015). *Undoing the demos: Neoliberalism's stealth revolution*. Zone Books.
- Callan, E. (1997). *Creating citizens: Political education and liberal democracy*. Clarendon Press.
- Callard, A. (2017). Liberal education and the possibility of valuational progress. *Social Philosophy and Policy*, 34(2), 1–22. <https://doi.org/10.1017/S0265052517000188>
- Chambers, S. (2021). Truth, deliberative democracy, and the virtues of accuracy. Is fake news destroying the public sphere? *Political Studies*, 69(1), 147–163. <https://doi.org/10.1177/0032321719890811>
- Collini, S. (2012). *What are universities for?* Penguin Books.
- Council of Europe. (2020). *Reference framework of competences for democratic culture: Guidance document for higher education*. <https://rm.coe.int/rfcdc-guidance-document-for-higher-education/1680a08ee0>
- Daniels, R. J. (2021). *What universities owe democracy*. John Hopkins University Press.
- Feldt, J. E., Horback, S. P., Bengtson, S. S. og Sarauw, L. L. (2024). Reimagining academic citizenship: Challenges, prospects, and responsibilities. *Journal of Praxis in Higher Education*, 6(2), 1–12. <https://doi.org/10.47989/kpdc550>
- Giroux, H. A. (2018). Neoliberal savagery and the assault on higher education as a democratic public sphere. Í D. Bhattacharya (ritstjóri), *The university untaught: Notes for a future* (bls. 120–134). Taylor & Francis.
- Goddard, J. (2009). *Reinventing the civic university*. NESTA.
- Goddard, J., Hazelkorn, E. og Vallance, P. (ritstjórar). (2016). *The civic university: The policy and leadership challenges*. Edward Elgar.
- Guðmundur Heiðar Frímansson. (2018). *Skólar og lýðræði: Um borgaramenntun*. Háskólinn á Akureyri; Háskólaútgáfan.
- Guðmundur Heiðar Frímansson, Anna Ólafsdóttir, Guðrún Geirsdóttir, Sigurður Kristinsson og Valgerður S. Bjarnadóttir. (2022). Akademískt frelsi, ábyrgð og hömlur: Sjónarmið háskóлакennara á Íslandi. *Stjórnmál og stjórnsýsla*, 18(1), 139–164. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2022.18.1.7>

- Habermas, J. (1987). The idea of the university: Learning processes. *New German Critique*, 41, 3–22. <https://doi.org/10.2307/488273>
- Habermas, J. (2005). *Truth and justification* (Barbara Fultner þýddi). MIT Press.
- Harper, W. R. (1905). *The trend in higher education*. Chicago University Press.
- Helga Jónsdóttir. (2021). Viðtöl í eigindlegum og megindlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði* (bls. 147–169). Háskóla-útgáfan.
- Jaspers, K. (1959). *The idea of the university* (H. A. T. Reiche og H. F. Vanderschmidt þýddu). Beacon Press.
- Jón Torfi Jónasson. (2008). *Inventing tomorrow's university: Who is to take the lead? An essay of the Magna charta observatory*. Bononia University Press.
- Kligyte, G. og Barrie, S. (2014). Collegiality: Leading us into fantasy – the paradoxical resilience of collegiality in academic leadership. *Higher Education Research and Development*, 33(1), 157–169. <https://doi.org/10.1080/07294360.2013.864613>
- Kloubert, T. (2018). Propaganda as a (new) challenge of civic education. *European Journal for Research on the Education and Learning of Adults*, 9(2), 139–159. <https://doi.org/10.3384/rela.2000-7426.ojs257>
- Lührmann, A., Gastaldi, L., Grahn, S., Lindberg, S., Maxwell, L., Mechkova, V., Morgan, R., Stepanova, N. og Pillai, S. (2019). *V-Dem annual democracy report 2019: Democracy facing global challenges*. Varieties of Democracy Institute. https://www.v-dem.net/documents/16/dr_2019_CoXPbb1.pdf
- Lög um breytingu á lögum um háskóla nr. 67/2012.
- Macfarlane, B. (2005). The disengaged academic: The retreat from citizenship. *Higher Education Quarterly*, 59(4), 296–312. <https://doi.org/10.1111/j.1468-2273.2005.00299.x>
- Magna Charta Observatory. (2020). *Magna charta universitatum 2020*. <https://www.magna-charta.org/magna-charta-universitatum/mcu2020>
- Menand, L., Reitter, P. og Wellmon, C. (ritstjórar). (2017). *The rise of the research university: A sourcebook*. University of Chicago Press.
- Muzzatti, S. L. (2022). Strange bedfellows: Austerity and social justice at the neoliberal university. *Critical Criminology*, 30, 495–507. <https://doi.org/10.1007/s10612-022-09646-9>
- Nussbaum, M. C. (2010). *Not for profit: Why democracy needs the humanities*. Princeton University Press.
- Oakeshott, M. (1989). The idea of a university. Í T. Fuller (ritstjóri), *The voice of liberal learning: Michael Oakeshott on education* (bls. 96–97). Yale University Press.
- Páll Skúlason. (2014). *Háskólapælingar*. Háskólaútgáfan.
- Rothblatt, S. (2006). The university as utopia. Í K. Bluckert, G. R. Neave og T. Nybom (ritstjórar), *The European research university: An historical parenthesis* (bls. 29–50). Palgrave Macmillan.
- Sardoc, M. (2018). Democratic education at 30: An interview with dr. Amy Gutmann. *Theory and Research in Education*, 16(2), 244–252. <https://doi.org/10.1177/1477878518774087>
- Sigurður Kristinsson. (2022). Háskóli í þágu lýðræðis. *Ritið*, 22(3), 169–198. <https://doi.org/10.33112/ritid.22.3.6>

- Sigurður Kristinsson. (2023). Constructing universities for democracy. *Studies in Philosophy and Education*, 42, 181–200. <https://doi.org/10.1007/s11217-022-09853-5>
- Somer, M. og McCoy, J. (2019). Transformations through polarizations and global threats to democracy. *Annals of the American Academy*, 681(1), 8–22. <https://doi.org/10.1177/0002716218818058>
- Stanley, J. (2015). *How propaganda works*. Princeton University Press.
- Sørensen, A. (2015). Visiting the neo-liberal university: New public management and conflicting normative ideas. A Danish case. *Journal of Educational Controversy*, 10(1), 6. <https://cedar.wvu.edu/jec/vol10/iss1/6>
- Valgerður S. Bjarnadóttir, Anna Ólafsdóttir og Guðrún Geirsdóttir. (2019). Þrástef, þagnir og mótsagnir um lýðræðislegt hlutverk íslenskra háskóla. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 15(2), 183–204. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2019.15.2.3>
- Valgerður S. Bjarnadóttir, Guðrún Geirsdóttir og Anna Ólafsdóttir. (2024). Academics' dilemmas in addressing challenging societal issues in today's higher education landscape. *Globalisation, Societies and Education*, 1–13. <https://doi.org/10.1080/14767724.2024.2405534>
- Veugelers, W. (2023). *Moral and political dimensions of critical-democratic citizenship education*. Brill.
- Vilhjálmur Árnason. (2019). Lýðræðisleg gildi, samræða og hlutverk menntunar. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 28(2), 261–274. <https://doi.org/10.24270/tuuom.2019.28.13>
- Vilhjálmur Árnason. (2020). Rökræða, stofnanir, þátttaka: Ágreiningsefni um lýðræði. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 16(2), 167–190. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2020.16.2.5>
- Vilhjálmur Árnason. (2022). Lýðræðishlutverk háskóla og áskoranir samtímans. *Sérrið Netlu 2022 – Framtíð og tilgangur menntunar: Sérrið til heiðurs Jóni Torfa Jónassyni, prófessor emeritus*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2022.84>
- White, M. (2017). *Towards a political university – Public reason, democracy and higher education*. Routledge.
- Williams, B. (2002). *Truth and truthfulness: An essay in genealogy*. Princeton University Press.
- Zakaria, F. (2015). *In defense of a liberal education*. W. W. Norton.
- Ziliotti, E. (2020). Democracy's value: A conceptual map. *Journal of Value Inquiry*, 54, 407–427. <https://doi.org/10.1007/s10790-019-09717-1>

Greinin barst tímaritinu 1. júlí 2024 og var samþykkt til birtingar 22. september 2024.

UM HÖFUNDANA

Anna Ólafsdóttir (anno@unak.is) er dósent við Háskólann á Akureyri. Hún lauk B.Ed.-gráðu frá Kennaraháskóla Íslands 1983, meistargráðu 2003 frá sama skóla og doktorsprófi í menntunarfræði frá Háskóla Íslands árið 2014. Hún hefur gegnt akademískri stöðu við Háskólann á Akureyri frá árinu 2004. Rannsóknir Önnu hafa einkum beinst að námi og kennslu á háskólastigi, hlutverki háskóla í samfélaginu og gæðamálum háskóla.
<https://orcid.org/0000-0001-7678-6845>

Sigurður Kristinnsson (sigkr@unak.is) er prófessor í heimspeki við Háskólann á Akureyri. Hann lauk BA-prófi í heimspeki og sagnfræði frá Háskóla Íslands 1989 og doktorsprófi í heimspeki frá Cornell-háskóla í Bandaríkjunum 1996. Helstu rannsóknarsvið hans eru almenn og hagnýtt siðfræði, fagmennska og siðfræði starfsgreina, ásamt rannsóknum á samfélagslegu og lýðræðislegu hlutverki háskóla.
<https://orcid.org/0000-0001-9127-2527>

“THE VOICE OF LOGIC AND REASON IN EVERYTHING”: THE DEMOCRATIC VALUE OF UNIVERSITIES FROM THE POINT OF VIEW OF UNIVERSITY TEACHERS

ABSTRACT

The 2020 Magna Charta Universitatum update signals universities’ commitment to democratic principles (Magna Charta Observatory, 2020). Combining philosophical analysis and interviews with faculty at three universities in Iceland, this study aimed to shed light on different aspects of the democratic value of universities. Recent academic discourse underscores the role of universities in nurturing democracy (Bergan et al., 2016; Daniels, 2021; Goddard, 2009; Goddard et al., 2016; White, 2017). Various threats undermine trust in democratic institutions (Kloubert, 2018; Lührmann et al., 2019; Somer & McCoy, 2019) and tensions exist between universities’ democratic mission and market-driven agendas (Brown, 2015; Giroux, 2018; Nussbaum, 2010). As social constructs, universities are shaped by diverse groups of stakeholders (Sigurður Kristinnsson, 2023), including academic faculty. Their ideas can, therefore, shed important light on the democratic value of universities.

Kristinnsson’s (Sigurður Kristinnsson, 2022) conceptual model was employed in a top-down analysis (Braun & Clarke, 2021) of interviews with university teachers, with the aim of illuminating how democracy can be part of the extrinsic and intrinsic value of universities. Twenty-six faculty members from three universities in Iceland were interviewed, reflecting diverse backgrounds in social, natural, and technical sciences.

The interviews brought out ideas of how knowledge creation in universities can lead to better and more ethical decisions, with positive consequences for the quality of decisions and general welfare. In addition, they reflected how universities nurture democratic

culture by providing public discourse with objective truths, providing reliable knowledge for informed decision-making in various spheres such as politics, economics, and labour movements. When discussing the fostering of democratic competence and culture, respondents emphasised the importance of educating students about democratic values, critical thinking, and civic engagement. The commitment to truth emerged as crucial, underscoring the importance of ethical knowledge creation independent of special interests. Respondents highlighted universities' contributory value to democracy by emphasising their role in professional education, in providing expert opinion within public discourse, in civic engagement of faculty, and in securing an impartial venue for public discourse. To a lesser extent, they suggested universities symbolize democratic ideals as realms of freedom and collegial governance. Universities were described as secure zones of free expression and experimentation. Discussions on collegial governance revealed divergent views, suggesting its symbolic value might exceed its practical application, while also highlighting democratic aspects with intrinsic democratic value. Respondents described universities as democratic institutions, albeit with ambivalence about the authenticity and effectiveness of democratic practices. The notion of universities as essential to democracy emerged through the characterization of university staff as "guards" of democracy with a "duty of expression".

Respondents' accounts align with Daniels' (2021) discussion on universities as sources of knowledge amidst societal challenges. They also reflect current emphasis on universities' direct engagement with local communities, fostering collaboration and dialogue (Bergan et al., 2016; Goddard et al., 2016; Magna Charta Observatory, 2020). The strong commitment to truth resonates with White (2017) and Vilhjálmur Árnason's (2022) emphasis on universities' critical function. Critical thinking was said to nurture democratic competencies, in keeping with scholarly discourse (Arendt, 2011; Chambers, 2021; Council of Europe, 2020; Nussbaum, 2010). Respondents' accounts of contributory value also engage notions of the "civic university" (Goddard et al., 2016). Describing universities as symbols of freedom indicates utopian thought (Rothblatt, 2006). Respondents' ambivalence concerning collegial governance as an intrinsic value reflects tensions identified by Kligyte & Barrie (2014) and trends of declining academic citizenship (Feldt et al., 2024; Sørensen, 2015). Referring to universities as "guards" of democracy evokes Jaspers' (1959) and Habermas' (1987) perspective on universities as the "intellectual conscience" of society.

Overall, the interviews with faculty indicate how universities can play a vital role in addressing global threats to democracy, and their analysis systematically clarifies the democratic value of critical education and scholarship at universities. These results contain suggestions for university policy and further research.

Keywords: universities, democratic value of universities, university teachers, threats to democracy

ABOUT THE AUTHORS

Anna Ólafsdóttir (anno@unak.is) is an associate professor and has held an academic position at the University of Akureyri since 2004. She has a B.Ed. degree (1983), an M.Ed. degree (2003) from Iceland University of Education, and a PhD degree in education from the University of Iceland (2014). Anna's main field of research has been higher education learning and teaching, quality aspects of HE, and the role of universities in society.
<https://orcid.org/0000-0001-7678-6845>

Sigurður Kristinsson (sigkr@unak.is) is a professor of philosophy in the Faculty of Social Sciences at the University of Akureyri. He completed his PhD in philosophy from Cornell University in 1996 and a BA in philosophy from the University of Iceland in 1989. Sigurður's research fields include theoretical and applied ethics, professionalism and professional ethics, and the public and democratic role of universities.
<https://orcid.org/0000-0001-9127-2527>